

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Breyting aðalskipulags - VP Húsatóftir IIa



Inngangur

Gerð er óveruleg breyting á skilmálum fyrir verslunar- og þjónustuvæði VP5 í gildandi Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029, í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Með breytingunni er verið að fjölga gistiplássum og fjölda gesta innan verslunar- og þjónustuvæðis VP5 fyrir Húsatóftir IIa ásamt því að breyta staðfangi í Húsatóftir 5. Engin breyting er á aðkomu eða afmörkun svæðis. Engin viðbótaruppbygging er fyrirhuguð heldur en einungis verið að innrétta núverandi byggingar og nýta þær betur. Gistirýmum fjölga úr 10 í 18, og gestafjöldi hækkar úr 20 í 36.

Breyting aðalskipulags

Breytingin tekur aðeins til textabreytingar í töflu um verslunar- og þjónustuvæði í kafla 2.3.3 í gildandi greinargerð Aðalskipulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Engar breytingar verða gerðar á sveitarfélagsuppdrætti þar sem skipulagsflákinn nær yfir fyrirhugaða breytingu.

Umhverfisáhrif

Breytingin hefur jákvæð áhrif á uppbyggingu atvinnustarfsemi og þjónustu við íbúa og gesti.

Skipulagsferli

Breytingin verður tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar og síðar samþykkt á fundi sveitastjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps áður en hún verður send Skipulagsstofnun til staðfestingar, fyrir auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.



AÐALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem hlotið hefur málsmeðferð skv. 2.m.gr. 36.

gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum.

Fjallað var um breytinguna á fundi skipulagsnefndar þann _____

og hún samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og _____

Gnúpverjahrepps þann _____

f.h.Sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af _____

Skipulagsstofnun þann _____

Auglýsing um gildistöku skipulagsins _____

var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

Tafla fyrir breytingu:

NR.	HEITI	LÝSING	JÖRD
VP5	Húsatóftir IIa	Á svæðinu er gistiheimili með 10 gistirými og gistingu fyrir 20 gesti ásamt veitingaaðstoðu. Einnig er boðið upp á hestaferðir. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna ferðabjónustu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Hústatóftir IIa

Tafla eftir breytingu:

NR.	HEITI	LÝSING	JÖRD
VP5	Húsatóftir 5	Á svæðinu er gistiheimili með 18 gistirými og gistingu fyrir 36 gesti ásamt veitingaaðstoðu. Einnig er boðið upp á hestaferðir. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu vegna ferðabjónustu. Stærð svæðis er um 2 ha.	Hústatóftir 5



Húsatóftir
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Aðalskipulagsbreyting

SKJALALYKILL: 113941
BLAÐSTÆRD: A4
UNNID: HB/ASK
RÝNT: ÁJ

MÆLIKVARÐI: XX
DAGS: 24.03.2026
DAGS.BREYT: ---